

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla 15.september 2016 klukkan 16:00-17:00**

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Sigurrós Friðbjarnardóttir fulltrúi starfsmanna, Kristín Þóra Möller og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Guðbjörg Telma Þorvaldsdóttir fulltrúi nemenda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Samúel Giovanni Luppi fulltrúi nemenda er fjarverandi.

### **Dagskrá:**

- 1.mál** Kynning á fulltrúum í skólaráði.
- 2.mál** Skóladagatal.
- 3.mál.** Starfsáætlun og almennur hluti skólanámskrár. Áherslur skólaársins.
- 4.mál** Lestrarstefna.
- 5.mál** Ytra mat MMS.
- 6.mál** Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál Kynning á fulltrúum.**

- Hver og einn kynnti sig.

### **2.mál Skóladagatal.**

- Sigurbjörg fór yfir þær breytingar sem gerðar voru og óskaði eftir samþykki nefndarmanna. Samskiptadagur var færður frá 7.september yfir á 14.september vegna setningar á Göngum í skólann frá ÍSÍ.

-Allir aðilar samþykktu breytinguna.

### **3.mál Starfsáætlun og almennur hluti skólanámskrár. Áherslur skólaársins.**

- Þórdís fulltrúi foreldra kom með nokkrar ábendingar og spurningar um efnisþætti skólanámskrár.

- Lára fulltrúi grenndarsamfélagsins kom með nokkrar ábendingar.

- Starfsáætlunin var borin upp til samþykktar.

- Allir aðilar samþykktu hana.

#### **4.mál Lestrarstefna.**

- Sigurbjörg fór yfir lestrarstefnu Akurskóla. Þetta er lifandi skjal sem unnið er með í öllum árgöngum og breytt og bætt jafnt og þétt yfir skólaárið.
- Lára kom með nokkrar ábendingar um samræmingu.
- Almennar umræður um stefnuna og fyrirkomulag lesturs.

#### **5.mál Ytra mat MMA.**

- Sigurbjörg fór yfir að Akurskóli er að fara í ytra mat frá Menntamálastofnun. Skila þarf ákveðnum gögnum fyrir lok september og svo kemur nefndin í nóvember og tekur út starfið, tekur viðtöl við alla aðila úr skólasamfélaginu o.s.frv.

#### **6.mál Önnur mál**

- Gróa fór yfir áhersluþætti vetrarins en það er bætt lýðheilsa starfsmanna, einu sinni í mánuði verður fræðsla og hreyfing til skiptis á vinnutíma.
- Rætt var um hvort væri hægt væri að setja kórin af stað aftur.
- Sigurbjörg fór yfir upphaf skólaársins, nemendafjölda og starfsmannahópinn.
- Sigurbjörg fór yfir hvaða hugmyndir eru komnar vegna skólaársins 2017-2018 sökum nemendafjölda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:00.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólalastjóri Akurskóla